



Nafnanefnd

Fundargerð

8. janúar 2020

51. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 16. desember 2019, kl. 14:30.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Másson.

Þetta gerðist:

1 Lykilstígar - heiti

Á fundi sínum þann 25. september 2019 lagði skipulags- og samgönguráð til að nafnanefnd yrði falið að gera tillögur um nöfn á eftirfarandi göngu- og hjólastígum:

- a) Stígnum meðfram Sæbraut.
- b) Stígnum sem liggur meðfram Ægisíðu og í gegnum Fossvog, inn í Elliðarárdal.
- c) Stígnum í gegnum Elliðarárdal.
- d) Stígnum sem liggur meðfram frá Sæbraut, í gegnum Geirsnef, og svo Vesturlandsvegi inn í Mosfellsbæ.
- e) Stígnum sem gengur í frá Bryggjuhverfi, í gegnum Grafarvoginn og til Mosfellsbæjar, meðfram sjó.
- f) Stígnum frá Nauthólsvík, meðfram Öskjuhlíð og niður í miðbæ Reykjavíkur.

Lögð eru til eftirfarandi nöfn, sjá nánar á korti:

- a) **Mánaleið**
- b) **Sólarleið**
- c) **Árleið**
- d) **Kelduleið**
- e) **Eyjaleið**
- f) **Bæjarleið**

2 Eyja/hólmi í Úlfarsá.

Í tölvupósti, dags. 19. mars 2019, gerir Hólmfríður Þ. Larsen tillögu um það að litla „eyjan“ í Úlfarsá við Vesturlandsveg fái nafnið Ketilsey, eftir föður sínum Katli Larsen, sem bjó að Engi v/Vesturlandsveg. Hann hafi ræktað upp þessa „eyju“ og þótt afskaplega vænt um hana.

Þar sem heitið Ketilsey er þegar til í Breiðafirði og umrædd „eyja“ ekki vel skilgreind, gerir nafnanefnd ekki athugasemd við það, fyrir sitt leyti, að umrædd „eyja“ verði nefnd **Ketilshólmi**.

Fleira ekki gert.

Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi